



LYFJAFRÆÐINGAFÉLAG ÍSLANDS

Pharmaceutical Society of Iceland

*Alþingi
Erindi nr. P 131/670
komudagur 10.12.2004*

Seltjarnarnesi 10. desember 2004

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um nýtingu stofnfrumna úr fósturvísnum til rannsókna og lækninga

Lyfjafræðingafélag Íslands telur þetta svið tengjast lyfjarannsóknum það mikið að nauðsynlegt sé að lyfjafræðingur, tilnefndur af Lyfjafræðingafélagi Íslands, eigi sæti í nefndinni sem tillagan fjallar um. Fram kemur að ætlunin sé að fulltrúi frá Læknafélagi Íslands sé í nefndinni, og telja lyfjafræðingar ekki síður mikilvægt að fulltrúi þeirra sé einnig í nefndinni, vegna þess ætla má að stór hlut rannsókna sem tengjast stofnfrumum muni í framtíðinni tengjast lyfjameðferðum á einn eða annan hátt. Því er mikilvægt að lyfjafræðileg sjónarmið komi fram í nefndarstarfinu.

Fyrir hönd Lyfjafræðingafélags Íslands

Lárus Steinþór Guðmundsson
formaður